

AUGLÝSING

vegna innflutnings á landbúnaðarvörum.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi afurða dýra, sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, skulu þau vottorð og önnur gögn sem auglýsing þessi kveður á um liggja fyrir við tollafgreiðslu á vörum sem koma frá löndum sem talin eru upp í 3. gr. og yfirdýralæknir hefur viðurkennt.

1. gr.

Landbúnaðarvörur sem ekki hafa hlotið hitameðhöndlun.

Skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins skal liggja fyrir við innflutning á vörum sem flokkast í vöruliði 0201-0210, 0401-0408, 1601 og 1602 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987 og ekki hafa hlotið hitameðferð sbr. 2. gr. auglýsingar þessarar og við innflutning á öðrum vörum, sem falla undir 3. gr. reglugerðar nr. 479/1995, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi afurða dýra, sem hafa fengið vaxtaraukandi efni.

2. gr.

Landbúnaðarvörur sem hafa hlotið hitameðhöndlun.

Innfluttum vörum sem flokkast í vöruliði 0201-0210, 0401-0408, 1601 og 1602 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sem hlotið hafa fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir:

- Opinbert upprunavottorð, sem staðfestir að varan sé framleidd í landi, samkvæmt 3. gr.
- Opinbert heilbrigðisvottorð frá löndum sem hlotið hafa staðfestingu yfirdýralæknis og talin eru upp í 3. gr. auglýsingar þessarar.
- Soðnum sláturafurðum og matvælum, sem ekki eru niðursoðin, fylgi sérstakt opinbert vottorð sem staðfestir að varan hafi hlotið hitameðferð, þannig að kjarnahiti hafi náð 72°C, sé það hvorki staðfest í upprunavottorði, sbr. a-lið eða heilbrigðisvottorði, sbr. b-lið.
- Mjólk og mjólkurafurðum fylgi sérstakt opinbert vottorð sem staðfestir að varan sé gerilsneydd eða unnin úr gerilsneyddri mjólk, sé það hvorki staðfest í upprunavottorði, sbr. a-lið eða heilbrigðisvottorði, sbr. b-lið.
- Eggjum og eggjaafurðum fylgi sérstakt opinbert vottorð sem staðfestir að varan hafi verið hituð í 65°C í fimm mínútur hið skemmsta og að eggjauft hafi verið hitað upp í a.m.k. 140°C, sé það ekki staðfest í upprunavottorði sbr. a-lið eða heilbrigðisvottorði sbr. b-lið.

Leiki vafi á gildi heilbrigðisvottorðs eða ef upplýsingar um hitameðferð eru óljósar, skal leita álits yfirdýralæknis sem sker úr um gildi vottorða.

3. gr.

Yfirdýralæknir hefur staðfest að heilbrigðisvottorð eftirtalinna landa falli undir b-lið 2. gr.:

Austurríki
Danmörk

Belgía
Finnland

Bretland og Norður-Írland
Frakkland

Grikkland
Ítalía
Malta
Spánn
Þýskaland

Holland
Kýpur
Noregur
Sviss

Írland
Lúxemborg
Portúgal
Svíþjóð

Ráðuneytið getur hvenær sem er tilkynnt með auglýsingu breytingar á upptalningu landa samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Ferðamönnum er heimill innflutningur á soðnum matvælum, sbr. reglugerð um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna o.fl., enda beri umbúðir með sér að varan hafi hlotið fullnægjandi hitameðferð, sbr. 2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.